

Reykjavík, 3. maí 1999

### Kæra kvennalistakona

Nú stýttist í einhverjar mikilvægustu kosningar sem við kvennalistakonur höfum tekið þátt í, kannske þær mikilvægustu síðan við buðum fyrst fram árið 1983.

Kvennalistinn hefur ákveðið að bjóða fram með þeim flokkum sem hafa verið kenndir við jöfnuð og félagshyggju. Þannig teljum við okkur best geta unnið áfram að markmiðum og málefnum Kvennalistans.

Þegar verkefnaskrá Samfylkingarinnar er skoðuð, sést að málefnum Kvennalistans hefur verið gert þar hátt undir höfði. Í verkefnaskránni eru helstu baráttumál okkar áberandi og er jafnréttishugsun líkt og rauður þráður í henni allri. Þar er meðal annars kalfi um lengingu fæðingarorlofs og sérstakur réttur feðra til fæðingarorlofs. Í verkefnaskránni er einnig skorinorður kafli sem ber yfirskriftina: Jafnrétti í reynd. Þar er lögð áhersla á að jafnréttismálum verði sköpuð skýrari staða innan stjórnkerfisins, að jafnréttismat fylgi öllum stjórnarfrumvörpum og samþykktum Alþingis, á kynhlutlaust starfsmat, baráttu gegn kynferðisofbeldi og fleira.


Það er okkar að halda þessum málum á lofti. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að Samfylkingin fái gott brautargengi, svo að raddir kvenfrelsis verði áfram sterkar á Alþingi.

Nú skiptir öllu máli að við stöndum saman og tryggjum þremur kvennalistakonum setu á Alþingi. Við heitum því, fáum við til þess brautargengi, að liggja ekki á liði okkar í þágu kvenfrelsis, jöfnuðar og réttlætis.

**Breytum því rétt þann 8. maí og merkjum X við S!**

Með kvenfrelsis- og baráttukveðjum

  
Guðný Guðbjörnsdóttir

  
Guðrún Ögmundsdóttir

  
Þórunn Sveinbjarnardóttir